

Ed.

755. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að kaupa bankavaxtabréf Landsbankans.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt skal landsstjórninni að kaupa af Landsbankanum fyrir lands-
sjóðs hönd bankavaxtabréf fyrir alt að 2 miljónum króna.

2. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að taka lán fyrir landssjóðs hönd
alt að 2 miljónum króna og fari vextir eigi fram úr $4\frac{1}{2}\%$ og afborgist á 30
árum. Og skal láninu varið til að kaupa bankavaxtabréf samkvæmt 1. gr., og
fer kaupverðið eftir lánskjörunum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.